



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. mars 2025

SFS25010158

MINNISBLAÐ

Staða biðlista í leikskóla 3. mars 2025

Þann 3. mars 2025 voru 1117 börn á biðlista eftir leikskóla 18 mánaða eða eldri með vistunarumsókn. Heildarfjöldi barna frá 12 mánaða og eldri á biðlista með vistunarumsókn í borgarrekna leikskóla er 1730. Börn sem eru að sækja um sjálfstætt starfandi leikskólana eru með í þessum tölum en foreldrar yngstu barnanna setja oftast sjálfstætt starfandi leikskólana sem fyrsta val. Á mynd 1. má sjá fjölda vistunarumsókna fyrir börn frá 18 mánaða eftir aldri og borgarhlutum.

Stóra innritun í leikskóla fyrir skólaárið 2025 – 2026 hófst þann 3. mars. 1.566 börn í vistun í bæði borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum eru fædd 2019 og hefja því sína grunnskólagöngu næsta haust og því munu samsvarandi fjöldi pláss losna í öllum leikskólum í Reykjavík. Hluti af þessum árgangi sem eru með vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum, eru með lögheimili utan Reykjavíkur.


Að auki munu fleiri pláss losna vegna barna sem flytja frá Reykjavík eða hætta í leikskóla út af öðrum ástæðum. Í stóru innritun árið 2025 verður í fyrsta sinn innritað í borgarrekna og sjálfstætt starfandi leikskóla í gegnum Völu innritunarkerfið á sama tíma. Þannig mun verða til betri yfirsýn og innsýn í innritun þvert á borgina.

Að auki eru að koma inn ný leikskólapláss á árinu með stækkunum á starfandi leikskólum sbr. Stakkaborg, Jörfa, Klambra og Klettaborg. Einnig eru leikskólar sem opna aftur eftir viðhald og endurbætur s.s. Grandaborg og Brákarborg.

Þann 3. mars var lokað fyrir móttöku á fleiri umsóknum þangað til búið er að úthluta til þeirra sem eru nú með umsóknir. Þess ber að geta að alls hefur verið sótt um flutning fyrir 947 börn úr einum leikskóla yfir í annan leikskóla, þar á meðal eru börn sem sækja um flutning úr sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskólum. Þar sem þessi börn eru oft á tíðum eldri en þau sem eru að sækja um leikskólavistun í fyrsta skiptið þá eru þeirra umsóknir oftast afgreiddar áður en farið er niður biðlistann en eins og ávallt ræður kennitöluröðun innritun í leikskólana.



Reykjavík



Mynd 1. Fjöldi vistunarumsókna 18 mánaða og eldri miðað við 1. september eftir hverfum.